

Sigillum Dei Huius

Skjöldur hins lifandi guðs

Þessi einstaka bæn er gjöf guðs, föðurins, til spámannsins heilagrar Maríu fullrar af náð til þess að vernda öll börn guðs. Þetta eru skilaboð 351, sem bárust 10. febrúar 2012.



Allir þeir sem samþykkja skjöld þennan munu sjálfir og fjölskyldur þeirra einnig njóta verndar á tímabilinu fram að síðari komu Krists.

Rístu upp og taktu við skildi mínum, sem er skjöldur hins lifandi guðs. Farðu með þessa bæn krossfarans (33) til þess að samþykkja skjöld minn og taka við honum af kærleik, gleði og þakklæti.



Guð, minn ástkæri faðir, ég tek við þínum guðdómlega varnarskildi af kærleik og þakklæti. Guðdómleiki þinn umlykur líkama minn og sál að eilífu. Ég hneigi mig í auðmjúkri þakkargjörð og heiti þér djúpri ást og tryggð, ástkæri faðir. Ég bið þig að vernda mig og ástvini mína með þessum einstaka skildi og sver við líf mitt að þjóna þér að eilífu. Ég elska þig, kæri faðir. Í leita til þín á þessum tímum, kæri faðir. Ég gef þér líkama, blóð, sál og heilagleika ástkærs sonar þíns sem yfirbót fyrir syndir heimsins og til að frelsa börnin þín öll. Amen.

Haldið ótrautt áfram börnin mín og óttist eigi. Treystið mér, ástkærum föður ykkar, sem skapaði hvert og eitt ykkar af alúð. Ég þekki hverja sál og hvern einasti hluta ykkar. Ást mín er jöfn til allra. Því vil ég ekki tapa nokkurri sál. Ekki einni einustu.

Biðjið daglega til heiðurs hinni heilögu frú fullri af náð. Einn góðan veðurdag muntu skilja mikilvægi þessarar hreinsunar.

Ástkær faðir á himnum

Guð í upphæðum